

# Framsóknarblaðið

Málgagn Framsóknarfélags Vestmannaeyja



*Óskum lesendum  
glæðilegra jóla  
og farsældar á nýju ári*

*Framsóknarfélag  
Vestmannaeyja*



# Hugvekja

Þó enn sé deilt um hvort maðurinn sé kominn af öpum eða skapaður í núverandi mynd eru flestar kirkjur kristinnar trúar farnar að viðurkenna að þróun hafi átt sér stað og að nútímamaðurinn hafi ekki sprottið fram fullskapaður. Ef við gefum okkur að kenning raunvísindanna sé rétt og við séum afrakstur milljarða ára þróunar vaknar spurning sem ég tel ekki síður merkilega. Hvenær urðum við menn?

## Meðvituð um framtíð okkar

Margir líta svo á að það að forfeður okkar gátu beitt þumlinum á móti hinum fingrunum og þannig beitt verkfærum með mikilli nákvæmni, marki upphaf mannkyns. Aðrir hafa bent á að þetta sé sameiginlegt öllum mannörpum og jafnvel öðrum dýrategundum og því ekki einstakt fyrir okkur. Þá er bent á þá staðreynd að við erum meðvituð um okkur sjálf og sögu okkar og fortíð. Þó hafa rannsóknir m.a. á góríllum og sjimpónsum sýnt að þær tegundir virðast skynja tilveru sína og sjálfa sig sem einstaklinga ekki svo ólíkt okkur. En við erum líka meðvituð um framtíð okkar.

## Líf handan dauðans

Þessi skilningur okkar á framtíðinni greinir mannkynið frá öðrum dýrategundum. Við vitum að á endanum deyjum við öll. Í framhaldinu hafa svo óhjákvæmilega vaknað upp vangaveltur um hvað sé handan við dauðann. Þaðan er stuttur vegur í trú á líf eftir dauðann. En hvenær vaknaði þessi skilningur okkar?

Þó erfitt sé að finna því nákvæman stað í sögunni, má leiða rök að því að tengja megum hann við upphaf greiftrana og grafsiða. Fyrstu merki um að maðurinn trúði á einhvers konar líf eftir dauðann má finna í grófum Neandertals manna sem voru uppi fyrir 25-200.000 árum síðan. Neandertals menn bjuggu vandlega um hina látnu og grófu með þeim verkfæri og mat sem bendir til að þeir hafi talið þá þurfa á þessum hlutum að halda eftir dauðann.

## Reiði guðanna eða uppsafnaðar rafhleðslur?

Sú hugmynd að til séu æðri máttarvöld sem hafi áhrif á umhverfi okkar með aðferðum sem við skiljum ekki er þannig a.m.k. tuga þúsunda ára gömul. Í raun hefur því verið haldið fram að mannlegt samfélag eins og við þekkjum það gæti ekki þrífist án þessarar trúar á æðri máttarvöld.

En hluti af þróun okkar er síaukinn skilningur á heiminum, eðli hans og uppruna. Í þrumuveðrum hnipuðu forfeðrar okkar sig saman við eldinn, fylgdust með eldingunum út um hellismunnann og veltu fyrir sér hvað þeir hefðu gert til að kalla yfir sig reiði guðanna. Við vitum að eldingar stafa af uppsafnaðri rafhleðslu í skýjunum og setjum upp eldingarvara sem leiða hleðsluna örugga leið niður í jörðina. Þá teljum við okkur jafnvel skilja að mestu hvernig þróunin sjálf vinnur og höfum með tækni sameindalíffræðinnar greint genin, þær einingar sem náttúruval Darwins verkar á.

## Er pláss fyrir Guð?

Þegar við horfum á alla þá þekkingu sem við höfum aflað okkur og öll þau vísindi sem útskýra það sem forfeður okkar litu á sem æðri máttarvöld, hlýtur að vakna upp spurningin um hvort eitthvað pláss sé eftir fyrir trúarbrögð og Guð.

Kjarninn í öllum stærstu trúarbrögðum heimsins er kærleikur og umhyggja. Hvort við trúum því að þessi kærleikur og umhyggja birtist okkur í Guði almáttugum, syni hans Jesú, spámönnum hans, þeim Múhameð og Móse, eða bara í okkur sjálfum skiptir kannski þegar allt kemur til alls ekki öllu máli. Það sem skiptir máli er hvernig við notum boðskap þeirra.

## Notum gjafir okkar til góðs

Við höfum hugaraflið til að skilja framtíðina og tækni og vísindi til að móta hana. Við getum lesið í rúin umhverfis- og náttúruvísinda og spáð fyrir um, með nokkurri vissu, hvað næstu ár og áratugir munu bera í skauti sér. Við höfum þekkingu og fjármagn til að brauðfæða allt mannkynið og lækna flesta þá sjúkdóma sem á okkur herja. Allt aðgreinir þetta okkur frá nánustu ættingjum okkar á þróunartrénu. En höfum við vitmunina til að nota þessar gjafir okkar?

Kjarni jólaanna, þessa samofna siðar heiðni og kristni, fæðingu nýrrar sólar í formi frelsara mannkyns er einmitt áminning til okkar mannanna að nota þessar gjafir okkar til góðs.

Sigurður E. Vilhelmsson

# Jólin koma. Komum við?

Í sálmi nafna míns, sr. Kristjáns Vals Ingólfssonar, Þingvallaprests, byrjar hann í þriðja erindinu á orðunum:

Þú kemur í myrkrið og kuldann, Drottinn, og kveikir þar ljós þitt og yl.

Í mínum huga er það oft þannig sem jólin koma til að umbreyta lífi fólks og kjörum þess, en einnig til að umbylta lífssýn manna. Þannig koma jólin mér fyrir sjónir nú undir lok adventunnar þegar fólk hefur hjálpast að við að koma öllu í kring svo hátíðin geti orðið sem fagnaðarríkið í lífi sem flestra. Það hefur komið á daginn að þessa adventu hefur þurft að hjálpa nokkrum fjölskyldum svo þessi myndin af jólum verði raungerð í lífi sem flestra. Það eru ekki allir sem haldið geta gleðileg jól og kemur þar margt til. Sorgin hefur sumstaðar knúð dyra á adventunni og eigum við nærtæk dæmi um það hér í Eyjum, bæði af völdum slysa og sjúkdóma á árinu 2006. Á ofanverðri adventunni hugsum við fyrst og fremst til þeirra sem eiga þannig um sárt að binda en einnig til þeirra sem búa við knöpp kjör. Það er ekki eins og samfélagið þurfi að knepra við sína minnstu bræður í allri velmegun íslensks þjóðfélags á liðandi stund. Sjaldan hefur íslenskur veruleiki einkennst af jafn háum upphæðum í krönum, milljónum og milljörðum. Samt er það umfjöllun fjölmiðla um tiltölulega fáa Íslendinga. Stórir hópar fólks hafa ekki séð slíkar upphæðir í reynd og reyndar er ég efins um að þeir sem eiga milljarðana hafi í raun og veru séð þessar upphæðir fyrir sér í peningum. Þeir eru því næsta

óraunverulegir fyrir okkur flest og fæst okkar geta í raun ímyndað sér raungildi þeirrar peningaveltu sem er í landinu. Þess vegna er ég alltaf meira og meira hissa á því hversu miklu rúmi er varið í umfjöllun um háar fjárhæðir í fjölmiðlum. Eitt er víst að þeir sem teljast eiga miklar eignir í sjóðum og hlutabréfum þurfa ekki á þessum upplýsingum að halda, sem þekja síður dagblaðanna, því þetta eru gamlar upplýsingar fyrir þá sem eiga raunverulega undir því hvernig gengið sveiflast. Þeir eru allir beintengdir hvort sem er. Þetta er því hjóm eða eins og hvellandi hjalla með hvimleiðum hljóð.

Á sama tíma liður fólk skort í samfélaginu. Það eru því miður of margir í myrkri og kulda en þurfa á því að halda að Drottinn komi til þeirra til að tendra þar ljós og veita þeim yl. Lífsfyllingu hafa margir fundið í því að láta gott af sér leiða og koma hjálp til þeirra sem eru hjálpar þurfi. Slík lífsfylling er eins og ljós sem tendrað er í hjörtum þeirra sem eiga fê sem þeir geta látið af hendi rakna. Gjöfin til þeirra sem hafa úr hvern minnstu að móða er að breyttu breytanda eins og ljós inn í myrkur allsleysisins. Ef við ætlum að verða sannir efturbreytendur Jesú Krists á jolum og í annan tíma, þurfum við að tileinka okkur þessa lífssýn og kærleika trúarinnar. Við tökum ekki aðeins á móti því sem Drottinn er að gefa okkur í fagnaðarríki fæðingarhátíð Frelsarans. Við getum ekki verið hlutlausir þátttakendur í jólahaldinu heldur komum við til móts við jólin. Það er þess vegna, sem fólk gefur hvert öðru, gleður hvert annað og veitir af rausn. Í þjónustu minni sem prestur hef ég margoft orðið vitni að því



hvað það gefur fólki mikið að fá að gefa. Það færir öðrum ljós og yl. Og þá er ljóst að svarið við spurningunni í yfirskrift þessara hugleiðinga er í æði mörgum tilfellum jákvætt. Aftur og aftur verð ég vitni að því er fólk kemur færandi hendi og gefur í sönnunum anda jólaanna. Það er ekki aðeins að koma til móts við þarfir náungans, heldur er sá eða sú að koma til móts við boðskap jólaanna. Þegar það gerist getum við sannarlega sagt: "Jólin eru að koma, ég kem til ljóssins sem lýsir af þeirri fagnaðarríki hátíð."

Guð gefi þér gleðileg jól og farsælt nýtt ár!

Sr. Kristján Björnsson,  
sóknarprestur Vestmannaeyja

# Jólakvæði Jóns píslavottar

Er ritstjóri Framsóknarblaðsins að mig um að setja saman nokkur orð í jólablaðið kom mér til hugar að annar Eyjamaður væri mér hæfari til verksins, Jón Þorsteinsson píslarvottur. Þar áttum við virtan kennimann og ástsælt skáld, sem því miður ekki hefur verið gerður aðgengilegur síðari kynslóðum. Er nú verið að vinna að því að bæta þá skömm, undir merkjum verkefnisins Handritin heim.

Á næsta ári verða 380 ár liðin frá

dauða Jóns og þess voða-viðburðar í sögu Vestmannaeyja er leiddu til hans, Tyrkjaránsins er svo hefur jafnan verið nefnt. En á þeim degi er Jón setti saman það fallega jólakvæði sem hér fer á eftir, voru óveðursský jafnfjarri og fórnardauði Frelsarans er fjarri þeim er minnst barnsins nýfædda í jötunni. Til er lag við kvæði þetta og er vafalaust að það hafi hljómað í kirkju Jóns á adventunni og vafalaust einnig eftir hans dauða.

Kvæðið er 17 erindi og er varðveitt í allmörgum handritum. Hér eru 6 erindi rituð upp eftir vandaðri uppskrift eftirkomanda hans á kennimannsstöli í Kirkjubæ. Sá hét séra Guð-mundur Högnason og þjónaði söfnuði Eyjamanna í heil 50 ár. Megi sú fólkskvalausa gleði sem kvæði skáldins ber með sér við komu jólahátíðarinnar rætast á okkur og við finna þann frið sem þar er lýst.

Kári Bjarnason

## 1. erindi

Minn munnur syngur,  
streng stillir fingur.  
Sál sviptist þunga,  
söng byrjar tunga.  
Hver vill til heyra,  
hneigi sitt eyra.  
Minnið þó meira,  
- minnið þó meira.

## 4. erindi

Minn kóngur mildur  
mikinn frið heldur.  
Þessu hét forðum,  
það sést í gjörðum.  
Fram til hans föllum,  
fagurt áköllum.  
Hann hjálpar öllum,  
- hann hjálpar öllum.

## 11. erindi

Oss lætur kalla  
um veröld alla  
og saman safnar  
sælu til hafnar  
til allra þjóða.  
Út sendir fróða  
oss inn að bjóða,  
- oss inn að bjóða.

## 14. erindi

Þó þeir oss deyði,  
þá býr í friði  
sál vor syngjandi  
sælu í landi.  
Hold vaknar hreina  
hérkomu þína,  
sér svo mun skína,  
- sér svo mun skína.

## 16. erindi

Svefnhúsa hurðir,  
hvar vorum bygðir,  
uppljúkast allar,  
oss þaðan kallar.  
Framhjá flaug reiðin,  
fylgir oss náðin  
heim í hástaðinn.  
- Heim í hástaðinn.

## 17. erindi

Dýrð dýrðarlegum,  
dýrð í hávegum,  
dýrð dýrðarkóngi  
dýrð allir syngi.  
Dýrð dýrðarherra,  
dýrð, heiður, æra  
varið skal vera,  
- varið skal vera!



Framsóknarblaðið  
Útgefandi: Framsóknarfélag Vestmannaeyja  
Ritstjóri og ábyrgðarmaður: Sigurður Einar Vilhelmsson  
Ritnefnd: Sigurður Einar Vilhelmsson, Eygló Þóra Harðardóttir og Hallgrímur Rögnvaldsson.  
Forsíðumynd: Frosti Gíslason · Prentun: Prentsmiðjan Eyrún  
Upplag: 1700 eintök

# Jólin á Brúnastöðum voru yndisleg

Jólin koma alltaf með sama hætti, hugur manns fyllist trega og kærleika. Fjölskyldan og frændfólk fer að hafa meira samband, það hægir ögn á hraða og stressi samtímans. Pólitikin verður að hornkerlingu og fólkið í landinu fer að hugsa um allt annað og lætur sér fátt um finnast þótt stjórnmálamenn láti eins og allt sé á hverfanda hveli.

Jólin taka samt breytingum og mín jól hafa gengið í gegnum mörg breytingaskeið frá barnskuárum til dagsins í dag. Ég hef verið beðinn að rifja upp nokkur eftirminnleg jól í lífi mínu og minnar fjölskyldu.

## Bernskujólin

Jólin heima á Brúnastöðum í stórum systkinahóp voru yndisleg. Við systkinin erum sextán. Faðir minn var bæði alþingismaður og oddviti sveitar sinnar, þannig að það var gestkvæmt og mikið um að vera. Aldrei heyrði ég rætt um hvort við værum rík eða fátæk sem börn, en við vorum hamingjusöm og áttum gott líf. Ég heyrði að vísu stundum rætt um efnalitra foreldra og efnada foreldra og allir vildu þá leggja efnalitul foreldrum eitthvað gott til.

Ég man að jólin færðu okkur mikla hátíð og allir vildu komast heim og vera með fjölskyldunni. Oft er mér hugsað til og undrast dugnað og



Guðni og Margrét með barnabörnunum.

afrek móður minnar, hvernig komst hún yfir að halda utan um þennan stóra barnahóp og þetta erilsama verkefni sem hún hafði á hendi. Hún sneið og saumaði ný fót, bakaði og þvoði þvott við frumstæðar aðstæður, allt var þvegið og strokið. Það hvíldi ró og agi yfir öllu og krakkastóðið hlýddi og hjálpaði til.

Öllum gegningum var lokið þegar jólin voru hringd inn kl. 18 í ríkisútvarpinu. Við áttum í fyrstu

heimasmíðað jólatré sem var skreytt með mosa og lyngi sem við sóttum út í heiði. Tréð var skreytt með kertum og ýmsum fallegum smámunum. Jólaturinn á aðfangadagskvöld var hangikjöt og hnausþykkur grjónagrautur. Við systkinin fengum ekki stórar gjafir, en oftast eitthvað smátt sem gladdi okkur. Það var spilað um jólin, farið í kirkju í Hraungerði og á jólaball í Þingborg. Þessi fábreyttu jól heima á

Brúnastöðum eru kær í minningunni; jól sem geyma minningar um kærleika og hófsemi.

## Jól tilhugalífsins

Aldrei gleymi ég fyrstu jólinum okkar Margrétar. Það hafa verið jólin 1973; við erum þá flutt á Selfoss í litla kjallaraíbúð á Kirkjuvegi 16, elsta dóttirin fædd, kornabarn í vögg. Við vorum eins og litla Gunna og litli Jón, allt var smátt. Við skreyttum íbúðina með greinum og alls konar jóladóti, þjuggum til músastiga úr kreppappír, sem sést vart lengur. Í matinn höfðum við hamborgarhrygg, bakaðann í rúgdeigskörfu, ís og ávexti á eftir. Allt var þetta ósköp formlegt og fallegt, en þegar við höfðum eftir matinn opnað pakkana sem lágu undir fallegu barrtrénu, kom heimþrá yfir okkur bæði. Við erum bæði fædd og alin upp í stórum systkinahópum og ég gleymi aldrei hvað okkur leiddist þetta fyrsta aðfangadagskvöld og langaði heim.

## Jól í eigin húsi

Fyrstu jólin héldum við í eigin húsi 1978 í Dælenginu. Í þá daga tók langan tíma fyrir ungt fólk að byggja. Þá flutti fólk inn á steingólfíð málað, engar hurðir og bráðabirgðaeldhúsinnréttingu var tjaslað upp. Við vorum meira að

segja með álpappír í loftunum með nafni breska auðjöfursins skrifað stórum stöfum JOHN MANWILL; mig dreymdi karlinn stundum á nóttunni!

Ég man vel að unga fólkið sem var að byggja á þessum tíma, kepptist við að ljúka einhverjum áfanga fyrir jólin eða fyrir páskana. Þessi fyrstu jól okkar í Dælenginu snerust um að taka stofuna í gagnið. Þá var uppi mikil litlagleði og við máluðum stóra vegginn okkar kaffibrúnan. Svona var tiskan þá. Ég man að þetta voru mjög gleðirík jól hjá okkur, litlu stelpurnar orðnar tvær og húsið stórt og rúmgott. Við fylgðum eftir þeim fallega bæjarbrag á Selfossi að skreyta húsið okkar og lýsa upp skammdegið með jólaseríum.

Alltaf eru jólin jafn kærkomin og gleðja og stytta skammdegið. Enn erum við Margrét ung og dæturnar þrjár farnar að búa, komnar með eiginmenn og barnabörnin orðin fimm. Það er því sí stækkandi fjölskylda sem kemur saman hjá okkur um jólin. Við höldum í okkar æskujól og síðirnir eru eins ár frá ári; förum í jólamessu í Selfosskirkju á aðfangadag og reyndar stundum í æskukirkjunna okkar í Hraungerði á jóladag.

Ég óska Eyjamönnum gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári.

Guðni Ágústsson



Brúnastaðahjónin Ágúst og Ingveldur ásamt 12 af 16 börnum sínum, Guðni er lengst til vinstri.



Guðni og Margrét með dætrum sínum Brynju, Sirru og Agnesi.

Við sendum Eyjamönnum nær sem fjær bestu óskir um gleðileg jól og farsælt komandi ár. Þökkum samskiptin á árinu.



[www.framsoknarblaðið.is](http://www.framsoknarblaðið.is)

*Gleðileg jól  
og farsælt komandi ár  
Þökkum samskiptin á árinu sem er að líða*



*Gleðileg jól  
og farsælt komandi ár  
Þökkum samskiptin á árinu sem er að líða*



*Óskum félagsmönnum okkar sem og Eyjamönnum  
öllum gleðilegra jóla og farsæls komandi árs*

*Sjómannafélagið Jötunn  
Sveinafélag járníðnaðarmanna  
Verzlunarmannafélag Vestmannaeyja*

*Gleðileg jól  
og farsælt komandi ár*



*Gleðileg jól  
og farsælt komandi ár*



*Gleðileg jól  
og farsælt komandi ár  
Þökkum frábærar móttökur á árinu sem er að líða*



*Með jólakveðju*



*Við óskum öllum Vestmannaeyingum  
nær og fjær gleðilegra jóla  
og farsæls komandi árs  
með þökk fyrir það liðna*



*Vestmannaeyjabær*

